

Starfsáætlun íþróttir og sund

Námsumhverfi/skipulag

Íþróttir

Íþróttir eru kenndar í íþróttahúsinu við Naustaskóla. Kennt er úti fyrstu vikurnar og einnig síðustu vikurnar. Þá er nýtt svæðið í kringum skólann, jafnt skólalóðin sem og upp í Naustaborgir. Allir bekkir mæta í íþróttir 2x í viku, 40 mín í senn. Hóparnir mæta með sínum jafnöldrum. Mælst er til að nemendur fari í sturtu eftir íþróttir án þess þó að nota sjampó og hárnæringu.

Meiddur nemandi fær að horfa á íþróttatíma en er hvattur til að vera með eftir fremsta megni og settur í hlutverk ef það hentar. Ef sá meiddi getur gengið er ekki í boði að horfa á þegar upp í 6. bekk er komið. Þá mætir sá meiddi klæddur eftir veðri og fær fyrirmæli um göngutúr utandyra og einnig höfum við svæði í stúku fyrir ofan íþróttasalinn þar sem stundum er hægt að bjóða uppá annars konar hreyfingu fyrir þá sem geta ekki tekið þátt í almennum tíma.

Stúlka á blæðingum sem treystir sér ekki til að vera með í íþróttatíma fær fyrirmæli um hring sem hún gengur utandyra meðan á tíma stendur og þarf því að koma klædd eftir veðri þann dag. Ef nemandi gleymir íþróttafötum fær hann undanþágu til að vera með í eitt skipti en er annars hvattur til að fara út í göngutúr. Þau eru skráð án gagna inn í Mentor ef þau mæta án íþróttafata.

Sund

Sund er kennt í sundlaug Akureyrar. Allir hópar eru í 40 mínútur í lauginni.

1.-3. bekkur er í innilauginni, þar eru 7-11 börn í hóp. 4.-10. bekkur er í útilaug. 4. bekkur kemur í þremur hópum í laugina þar sem 13 eru í hverjum hóp. 5. bekkur kemur einnig í þremur hópum þar sem eru 14-15 nemendur í hverjum hóp. 6. Bekkur kemur í þremur hópum þar sem eru 16-17 nemendur í hverjum hóp og ekki vænlegt að það séu fleiri en það. 7. Bekkur mætir einnig í þremur hópum þar sem eru 15 í hverjum hóp. 8-10. bekkur mæta með sínum árgangi og eru þ.a.l. 30-40 börn að mæta í laugina sem er skipt á tvo kennara í sitthvorri útilauginni.

Stúlka á blæðingum sem ekki treystir sér til að vera með í sundi fær fyrirmæli um að ganga til baka upp í skóla og þarf því að koma klædd eftir veðri þann dag. Meiddur nemandi er hvattur til að koma í sundlaugina og gera þær æfingar sem hann getur á eigin hraða eða annarskonar æfingar. Ef nemandi getur ekki komið í laug þá kemur hann samt niður í sundlaug og gengur til baka upp í skóla og þarf því að koma klæddur eftir veðri.

Námsgreinar

Íþróttir

Kennarar í íþróttum verða Sigmundur Birgir Skúlason, Stella Bryndís Karlsdóttir og Þórey Sjöfn Sigurðardóttir.

Í íþróttum fá nemendur tækifæri til að hreyfa sig og efla líkamsvitund á ólíkan hátt. Þau fá tækifæri til að styrkja sitt innra sjálf með því að upplifa sigra, ósigra, gleði, reiði og spennu. Í íþróttum eiga nemendur m.a. að upplifa vellíðan sem fylgir hreyfingu og áreynslu.

Steypibað í lok íþróttatíma er hluti af almennu hreinlæti og ætti í flestum tilvikum að styrkja líkamsvitund nemenda. Færnin að klæðast og afklæðast íþróttafötum ýtir undir sjálfstæði nemenda, einstaklingsvitund og eflir getuna til að taka þátt í lífinu. Í íþróttum fá þau tækifæri til að kynnast hvert öðru á öðrum forsendum en innan veggja skólans. Íþróttir eiga þannig að efla bæði hreyfi- og félagsfærni nemenda.

Sund

Kennari á yngstastigi Þórey Sjöfn Sigurðardóttir, 1.-3. bekkur.

Á yngsta stigi miðar sund að því að nemendur öðlist öryggi í vatninu, læri undirstöðuatríði sundaðferða, efla almenna hreyfifærni og átti sig á þeirri ánægjulegu upplifun sem fylgir sundferð. Nemendur fá að kynnast mörgum hjálpartækjum sundkennslunnar og hvernig hægt er að nota þau á ólíkan hátt í leik og æfingum.

Kennarar á miðstigi verða þeir Simundur Birgir og Stella Bryndís Karlsdóttir

Á miðstigi miðar sund að því að nemendur efla öryggistilfinninguna í vatninu, bæti tækniatriði sundaðferða, efla almenna hreyfifærni og átti sig á þeirri ánægjulegu upplifun sem fylgir sundferð.

Kennarar á elstastigi verða Sigmundur Birgir og Stella Bryndís Karlsdóttir

Á elsta stigi miðar sund að því að nemendur viðhaldi þeirri kunnáttu sem æfð hefur verið og bæti eigin hæfileika. Að nemendur upplifi hvernig hægt er að nýta sundstaðinn sem almenna líkamsrækt til styrktar líkama og sál og upplifi þá einstöku félagslegu samveru sem fylgir sundferð.

Jákvæður agi

Í íþróttum, sundi og útivist er samskiptahæfni, samvinna og gagnkvæm virðing stór hluti af náminu. Farið er yfir reglur og venjur innan hvers hóps og lagt upp úr virðingu, hjálpssemi og jákvæðni. Hvatning er höfð að leiðarljósi þar sem að í öllum verkefnum er áhersla lögð á að þau hveti, sýni og hjálpi hvert öðru og læri af samnemendum sínum.

Uppákomur

Íþróttakennarar koma að eða jafnvel sjá alveg um skipulag nokkurra viðburða innan skólans. Meðal viðburða er útivistardagur að hausti, Norræna skólahlaupið (verkefni á vegum ÍSÍ) að hausti, Göngum í skólann verkefnið (vegum ÍSÍ), Fótboltamót elsta stigs (Glerárskóli sér um skipulagningu mótsins), Skólahreysti (þjálfun og val á liði skólans), Frjálsíþróttamót 4.-7. bekkjar (þjálfun og skipulag með umsjónarkennurum auk aðstoðar á mótinu) og Unicef hlaup að vori og að sjálfsögðu öðrum áhugaverðum íþróttaviðburðum sem hægt er að tengja inn í skólann.

Námsmat

Námsmat fer fram reglulega yfir veturinn. Merkt er við markmið reglulega yfir veturinn og reynt að vinna í samstarfi við foreldra að nemandi nái settu markmiði. Markmið er sett fyrir hverja kennslustund sem nemendum er gert grein fyrir í upphafi þannig að nemandi sé meðvitaður um hvað sé verið að æfa og skoða.